



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Starfsáætlun leikskóla fyrir skólaárið 2024-2025



Leikskólinn Strandheimar

Leiðarljós Leikskólans Strandheima
Vellíðan - Sköpun - Virðing

Leikskólinn Strandheimar

Heimilisfang: Túngötu 39, 820 Eyrarbakka og Blómsturvöllum 1, 825 Stokkseyri

Aðalsímanúmer: 480-6352

Netfang: strandheimar@arborg.is

Heimasíða: <http://strandin.arborg.is>

Opnunartími leikskólans: mán til fim 7:45-16:15, fös 7:45-14:00

Efnisyfirlit

Um skólann.....	2
Tölulegar upplýsingar um börn.....	2
Starfsmannamál.....	2
Stutt samantekt frá leikskólastjóra.....	3
Helstu verkefni fyrra árs 2023-2024.....	3
Heilsueflandi leikskóli.....	3
Vinátta í nærumhverfinu.....	3
Agastefnuteymi.....	3
Innleiðing breytinga á Aðalnámskrá leikskóla.....	3
Faglegar áherslur næsta árs 2024-2025.....	3
Leiðarljós Strandheima og áherslur í starfi.....	3
Meginmarkmið leikskólans.....	3
Heilsueflandi leikskóli.....	3
Vinátta í nærumhverfinu.....	4
Markmið verkefnisins.....	4
Jákvæður agi e. Positive Discipline.....	4
Öryggismál.....	4
Mat og umbætur.....	5
Foreldrasamstarf.....	5
Samstarf við grenndarsamfélag.....	5
Samstarf við fjölskyldusvið, Skólaþjónustu og Velferðarþjónustu:.....	5
Samstarf við grunnskóla.....	6
Samstarf við bókasafnið á Eyrarbakka.....	6
Slökkvilið:.....	6
Lögregla:.....	6
Oceanus - Hafsjór.....	6
Geinargerð foreldraráðs.....	7

Um skólann

Leikskólinn Strandheimar varð til við sameiningu leikskólanna Brimvers á Eyrarbakka (1975) og Æskukots á Stokkseyri (1983) árið 2011, þá undir nafninu Leikskólinn Brimver/Æskukot. Vorið 2022 var nafni leikskólans breytt í Leikskólinn Strandheimar. Strandheimar er rekinn í tveimur starfsstöðum, Brimveri á Eyrarbakka sem stendur við Túngötu 39 og Æskukoti á Stokkseyri að Blómsturvöllum 1. Birna Guðrún Jónsdóttir er skólustjóri Strandheima. Haustið 2024 eru Strandheimar að hefja sitt 13. starfsár. Leikskólinn er fjögurra deilda og eru eldri og yngri deildir í báðum starfsstöðvum.

Leikskólinn er rekinn af Sveitarfélaginu Árborg og heyrir undir fjölskyldusvið.

Skóladagatal árið 2024-2025 er að finna á heimasíðu leikskólans - sjá [hér](#)

Tölulegar upplýsingar um börn

Fjöldi barna í Strandheimum veturinn 2024-2025 er áætlaður 58 börn.

Dvalarstundir eru áætlaðar 599.9 og er algengasti dvalartími barna 7.6 tímar á dag.

Nokkur börn njóta sértæks stuðnings í vetur, þarf af er eitt með stuðning allan sinn vistunartíma og tvö sem njóta stuðnings í fimm klukkustundir á dag. Að auki eru þó nokkur börn sem njóta stuðnings og snemmtækra íhlutunar. Má þar nefna tvítyngd börn sem er áætlað að verði sjö í vetur, sem er 12% barna í leikskólanum.

Sérkennslustjóri heldur utan um skipulag á viðbótarþjónustu fyrir þau börn sem á þurfa að halda s.s. vegna málþroska, fatlana, heilsu og hegðunar auk þess að veita slíka þjónustu í reglulegum vinnustundum. Auk þess styður hann við deildir vegna þessara mála, sinnir foreldrasamstarfi, fundum og samskiptum við fagaðila sem leita þarf til. Ef þörf krefur eru teymi mynduð utan um þau börn sem þurfa á viðbótarþjónustu að halda. Sérkennslustjóri starfar einnig sem tengiliður í farsæld barna og sinnir samskiptum við barnavernd. Öll tví/fjöltýngd börn fá markvissa málörvun sem deildir skipuleggja í samráði við sérkennslustjóra og er gert ráð fyrir því við úthlutun stöðugilda í leikskólanum.

Starfsmannamál

Heildarfjöldi stöðugilda er áætlaður 21

Heildarfjöldi starfsmanna er áætlaður 24

Símenntun starfsmanna fer meðal annars fram á skipulagsdögum en að auki fer símenntun að miklu leyti fram í einstaklingsbundnum námskeiðum. Kennarar sækja TRAS og Hljóm-2 námskeið eftir því sem við á. Skipulagsdagar í vetur eru meðal annars: Fræðsludagur Árborgar. Skyndihjálparnámskeið, Innleiðingarnámskeið í Jákvæðum aga. Í Strandheimum eru í vetur þrjár nemar í leikskólakennarafræðum við HÍ og HA, eru þeir allir á mismunandi stað í námi sínu. Lítum við á nám í leikskólakennarafræðum sem hluta af símenntun.

Starfs- og símenntunaráætlun skólans má finna á [heimasíðu leikskólans](#).

Stutt samantekt frá leikskólastjóra

Helstu verkefni fyrra árs 2023-2024

Heilsueflandi leikskóli

Verkefnastjóri *Heilsueflandi leikskóla* í Strandheimum skipulagði vetrarstarfið og fór af stað með gönguferðir í lundina sem við höfum tekið í fóstur og eru nálægt starfsstöðvunum. Vegna mannekle varð minna úr því starfi en vonir gerðu ráð fyrir og í febrúar 2024 fór verkefnastjóri yfir í stöðu aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjórar tóku við keflinu með að skipuleggja heilsueflandi starf hveðrar deildar. Unnið var með þættina starfsfólk, fjölskylda og nærsamfélag.

Vinátta í nærumhverfinu

Þróunarverkefnið sem við lögðum af stað með veturinn 2022-2023 hélt áfram síðast liðinn vetur. Felst verkefnið í heimsóknum elstu barnanna á milli starfsstöðva. Sjá nánar hér síðar undir liðnum: Faglegar áherslur næsta árs

Þróunarverkefni leikskóla Árborgar

Strandheimar tóku síðasta skólaár þátt í sameiginlegu þróunarverkefni leikskólanna í Árborg, *Hvernig má styðja við farsælt barna í leikskóla?* Var markmið verkefnisins þrjúþætt og tengdist innleiðingu ákvæðis laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 með áherslu á grunnþjónustu leikskóla. Starfsmenn unnu starfendarannsókn í leikskólanum þar sem tilfinningaþroski barnanna og hvernig hver og einn getur stuðlað að eflingu og þróun hans í starfinu í leikskólanum var ígrundað. Í kjölfarið var ákveðið að flétta *Jákvæðum aga* inn í skólastarfið okkar þar sem sú aðferð myndi stuðla að styrkingu tilfinningaþroska barnanna og eflingu starfsmanna við að styðja undir tilfinningaþroska þeirra í gegnum leik og störf skólans.

Agastefnuteymi

Agastefnuteymi var stofnað í Strandheimum með það að leiðarljósi að samræma viðbrögð og orðfæri í leikskólanum til að stuðla að tilfinningalegu öryggi barna sem og starfsmanna. Í þeirri vinnu fékk teymið áhuga á að kynna sér *Jákvæðan aga* og fór hópur starfsmanna á námskeið fyrir starfsmenn leikskóla í október 2023.

Innleiðing breytinga á Aðalnámskrá leikskóla

Breytingar á aðalnámskránni voru ígrundaðar og hafist handa við endurskoðun skólanámskrár Strandheima út frá þeim.

Faglegar áherslur næsta árs 2024-2025

Leiðarljós Strandheima og áherslur í starfi

Vellíðan - Sköpun - Virðing eru leiðarljós Strandheima og er lögð áhersla á að þau séu rauður þráður í öllu starfi skólans. Lögð er áhersla á að börnin, foreldrarnir sem og stafsmenn leikskólans upplifi vellíðan í skólanum, að virðing sé borin fyrir öllum aðilum og að allir hafi tækifæri til að virkja sköpunargleðina á hvern þann hátt sem hún birtist.

Meginmarkmið leikskólans

Heilsueflandi leikskóli

Meginmarkmið leikskólans eru samtvinnuð leiðarljósum hans og er lögð áhersla á þau meðal annars með þátttöku í verkefnum *Heilsueflandi leikskóli*. *Heilsueflandi leikskóli* er

verkefni á vegum Embættis landlæknis og er sérstök áhersla lögð á að vinna með átta lykilkætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: *hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk*. Leikskólinn vinnur að markmiðum lykilkættanna allt árið um kring og eru starfshættirnir í átt að settum markmiðum endurmetnir reglulega. Í vetur verður lögð áhersla á hreyfingu líkt og síðustu vetur ásamt því að beina sjónum okkar að tannheilsu með fræðslu til barnanna sem og foreldra og starfsfólks. Stýrihópur/teymi mun halda utan um starfið og fá til liðs með sér fulltrúa foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á starfinu.

Vínátta í nærumhverfinu

Í vetur höldum við áfram með verkefnið: *Vínátta í nærumhverfinu*. Felst verkefnið í heimsóknnum elstu nemenda milli starfsstöðva leikskólans þar sem þeir verja saman deginum við leik og störf. Veitir það þeim tækifæri til að kynnst innbyrðis áður en þau hefja formlegt nám í 1. bekk grunnskólans. Mikið og gott samstarf við foreldra er einn lykilkætturinn í að verkefnið gangi upp og felst það í að foreldrar elstu nemenda í Brimveri mæta með börnin sín í Æskukot og sækja þau þangað í lok dags þann dag sem verkefnið fer fram þar. Og sama gera foreldrar elstu barna í Æskukoti þann dag sem verkefnið fer fram í Brimveri. Þegar nemendur eru í Æskukoti er farið í heimsókn í BES og þegar þeir eru í Brimveri er komið við í dvalarheimilinu Sólvöllum í gæðastund með heimilisfólkinu þar. Í BES munu börnin fá að vera með í nestis stundinni (með nesti úr leikskólanum), frímínútum og tónmennt í vetur. Að auki er farið víðar í vettvangsferðir um nærumhverfið og kennileiti og sérstaða þorpanna skoðuð. Verkefnið tengist vel inn í *Heilsueflandi* starf leikskólans, m.a. með við þættina *hreyfing og nærsamfélag*.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins er að styrkja félagsleg tengsl barnanna sem og að auka félagaval þeirra, að þau kynnist innbyrðis um leið og þeim gefst kostur á að skoða nærumhverfi staðanna beggja, Eyrarbakka og Stokkseyrar og læra um þá og njóta þeirra ólíku kosta. Að auki stuðlar verkefnið að því að brúa bilið milli leik- og grunnskóla og veita nemendum leikskólans aukið öryggi við upphaf grunnskólagöngu þeirra. Í heimsóknunum í BES gefst leikskólanemendum tækifæri til að kanna skólabókasafnið, frístund og skólalóðina meðal annars.

Jákvæður agi e. Positive Discipline

Unnið er að gerð agastefnu við leikskólann í anda *Jákvæðs aga* sem innleidd verður í starf Strandheima. Í september 2024 var haldið innleiðingarnámskeið fyrir allt starfsfólk skólans og verður innleiðingu haldið áfram í vetur m.a. með seinni hluta námskeiðsins í nóvember 2024. Stýrihópur/teymi mun verða stofnaður og í þá vinnu munum við óska eftir aðkomu foreldra, stefnan kynnt og stigin áfram skref í innleiðingunni. Leikskólastjóri ber ábyrgð á þessari vinnu.

Öryggismál

Leikskólastjóri ber ábyrgð á öryggismálum skólans. Deildir skipta á milli sér vikum í að fara yfir lóðir og skrá ástand þeirra. Regluleg úttekt er gerð af opinberum aðilum á lóð og húsnæði skólans. Úrbótaáætlanir eru unnar í kjölfar þeirra og ber skólastjóri ásamt forstöðumanni eignadeildar Árborgar ábyrgð á gerð þeirra og eftirfylgni. Bruna- og rýmingaráætlun er til í leikskólanum og er fylgt eftir af leikskólastjóra. Rýmingaræfing er haldin einu sinni á ári í samvinnu við slökkvilið Árnæssýslu.

Deildirnar skiptast á að kanna ástand lóða og er það kannað daglega. Þar er athugað hvort rusl er á svæðinu, skemmdir hafi orðið á leiktækjum eða lóð sem og hvort dýraúrgangur sé í sandkössum. Skráningarmöppur eru á báðum starfsstöðvum og geymdar inni á þeirri deild sem sér um ástandsskoðun þá vikuna. Brunaeftirlit sem og eftirlit heilbrigðiseftirlits fer fram árlega. Áætlanir, svo sem: Eineltis- og ofbeldisáætlun, Bruna- og rýmingaráætlun og Jarðskjálftaáætlun eru yfirfarnar og uppfærðar reglulega.

Áætlanirnar má finna á [heimasíðu leikskólans](#).

Mat og umbætur

Innleiðing nýrrar menntastefnu Árborgar er að hefjast í Strandheimum. Gert er ráð fyrir að innleiðing hennar taki nokkur ár og í ferlinu verði skipað í gæðaráð sem saman stendur af starfsfólki og foreldrum. Verkefni gæðaráðs er að fara yfir öll gögn skólans og meta þau með hliðsjón af gæðaviðmiðum menntastefnunnar.

Mat á starfi skólans fer fram með ýmsum hætti. Á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum þar sem leikskólastjórnendur, deildarstjórar og sérkennslustjóri fara yfir stöðu mála. Annað starfsfólk kemur að mati á skólastarfinu á skipulagsdögum sem og í starfsmannakönnunum sem lagðar eru fyrir rafrænt ár hvert. Í innleiðingarferlinu sem nú er að fara í gang má gera ráð fyrir að þær aðferðir sem notaðar eru við mat á skólastarfinu muni þróast. Kannanir meðal foreldra á ýmsum þáttum í leikskólastarfinu eru lagðar fyrir annað hvort ár.

Sjá nánar um innra mat í starfsáætlun Strandheima á [heimasíðu skólans](#).

Foreldrasamstarf

Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi við Strandheima, hægt er að nálgast nánari upplýsingar inni á heimasíðu leikskólans. Foreldraráð og foreldrafélag funda eftir þörfum. Í Strandheimum starfar stjórn foreldrafélagsins einnig sem foreldraráð samkvæmt samþykkt á aðalfundi foreldrafélagsins.

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári, að hausti er farið yfir líðan, almennt gengi í leikskólanum og samskipti en að vori er farið yfir skimanir s.s. TRAS og Hljóm-2 ásamt ýmsu sem brýnt er að ræða um gengi barnanna. Foreldrum geta að auki alltaf óskað eftir samtali þegar þurfa þykir. Kynningarfundir fyrir foreldra eru haldnir að hausti. Móttökusamtal er haldið í upphafi leikskólavalar barna og hefst aðlögun í kjölfarið á því. Í því hitta deildarstjórar væntanlega leikskólaforelda.

Samstarf við grenndarsamfélag

Samstarf við fjölskyldusvið, Skólaþjónustu og Velferðarþjónustu:

Gott samstarf er við fjölskyldusvið Árborgar sem felst m.a. í eftirlits og ráðgjafarhlutverki þess gagnvart skólanum. Fjölskyldusvið heldur utan um fundahald og samráðsvettvang leikskólastjóra í Árborg og eru leikskólastjórafundir einu sinni í mánuði sem og sameiginlegir fundir aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra leikskólanna. Sviðið veitir einnig ýmsa fræðslu til leikskólanna varðandi starf skólanna og/eða einstök börn. Skólaþjónustan hefur staðið fyrri fræðslufundum fyrir starfsfólk og foreldra. Lausnateymisfundir eru haldnir á sex vikna fresti og koma þar inn ráðgjafar og

sálfræðingar ásamt öðrum sérfræðingum eftir þörfum. Gott samstarf er einnig við HSU og mætir fulltrúi þeirra reglulega á fundina. Ef leita þarf aðstoðar vegna einstakra barna og/eða fjölskyldna er leitað til Velferðarþjónustu þ.á.m. Barnaverndar.

Samstarf við grunnskóla

Samstarf við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri (BES) er mjög gott og fara börnin í elsta árgangi í heimsóknir einu sinni annan hvern mánuð þegar þau eru stödd á Stokkseyri í verkefninu: *Vínátta í nærumhverfinu*. Að auki fara börnin á Æskukoti á bókasafnið og er það ekki einskorðað við elstu börnin. Á vorin eru haldnir skilafundir milli leik- og grunnskólanna þar sem ýmsum mikilvægum upplýsingum tilvonandi grunnskólanemenda er komið til skila í grunnskólann.

Samstarf við bókasafnið á Eyrarbakka

Börnin í Brimveri fara reglulega í heimsóknir á bókasafnið á Eyrarbakka þar sem tekið er mjög vel á móti þeim.

Slökkvilið:

Skólinn er í samstarfi við slökkviliðið í verkefni sem kallast Logi og Glóð og fjallar um eldvarnir. Þetta verkefni er eingöngu fyrir elsta árganginn og hefst á þann hátt að fulltrúar frá slökkviliðinu koma í heimsókn í leikskólann með fræðslu og yfir veturinn sinna börnin eftirliti með ýmsum öryggisþáttum í leikskólanum.

Lögregla:

Lögreglan kemur í heimsókn á hjóladag að vori og sinnir umferðarfræðslu og yfirferð reiðhjólábúnaðar.

Oceanus - Hafsjór

Í haust tókum við þátt í samstarfsverkefni Oceanus, Hafrót, þar sem BES og FSU tóku einnig þátt. [OCEANUS HAFSJÓR \(oceanushafsjor.com\)](https://oceanushafsjor.com). Hátíð var haldin í þriðja skipti í haust og komu listamenn víðs vegar af úr heiminum saman til að vinna verkefnið. Listamenn heimsóttu eldri deildir starfsstöðvanna og unnu með börnunum verkefni eða gjörning og síðar fóru elstu börnin í heimsókn til listamannanna sem höfðu aðstöðu í Svörtu skemmuni, gamalli kartöflugeymslu, og sköpuðu listaverk með þeim.

*Birna Guðrún Jónsdóttir
Stokkseyri, 3.10.2024*

Geinargerð foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans 2024-2025 skipa:

Edda Bára Höskuldsdóttir
Elísa Guðlaug S. Bjarkardóttir
Una Guðrún Gautadóttir
Heiðrún Helga Ólafsdóttir
Jóhanna Bjarney Jónsdóttir

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. Laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Greinargerð foreldraráðs

Stokkseyri 6. nóvember 2024

Foreldraráð Strandheimar hefur lesið yfir og rætt starfsáætlun 2024-2025 og samþykkir án athugasemda. Vel gerð starfsáætlun og hlökkum við til áframhaldandi góðs samstarfs.

Fyrir hönd foreldraráðs Strandheima: Edda Bára Höskuldsdóttir